




Hjálmur

fréttablað

Hjálmur 100 ára

Hjálmur, málgagn og fréttablað Hlífar á aldarafmæli um þessar mundir. Blaðið hefur gegnt mikilvægu hlutverki allt frá því það hóf göngu sína þ. 25. nóvember 1912.

[6]



Breytt hugarfar

Fullyrðingar um að lífeyrissjóðirnir vilji ekki taka þátt í uppbyggingunni með því að lána til framkvæmda eða koma til móts við sjóðfélaga með niðurfellingu lána standast ekki nánari skoðun. Það snýst ekki um hvað lífeyrissjóðirnir vilja gera heldur fyrst og fremst um það hvaða heimildir þeir hafa. Að mínu mati hafa lífeyrissjóðirnir komið til móts við sjóðfélaga og lagt sig fram um að leysa vanda þeirra innan þess ramma sem lög og reglur setja sjóðunum, segir Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis m.a. í viðtali í blaðinu um stöðu lífeyrissjóðanna eftir hrun. Gildi – lífeyrissjóður tapaði miklum fjármunum í hruninu, en þrátt fyrir tapið stóð hann af sér hrunið betur en margur annar vegna dreifingar eignasafns sjóðsins. Árni segir að viðbrögð lífeyrissjóðanna við hlutabréfaútböði Eimskips sé að til marks um breytt hugarfar en

einnig það að lífeyrissjóðirnir séu að koma með miklu virkari hætti inn í fyrirtækin og eigi stærri hlut í þeim en áður. Stærri eignarhlutur sjóðanna valdi því að sjóðirnir eru farnir að skipta sér meira


Stærri eignarhlutur sjóðanna veldur því að sjóðirnir eru farnir að skipta sér meira af því hvernig fyrirtækjunum er stýrt. Jafnframt er krafan um að þetta fari ekki í sama far og fyrir hrun mjög sterk.

af því hvernig fyrirtækjunum er stýrt. Jafnframt er krafan um að þetta fari ekki í sama far og fyrir hrun mjög sterk.

Atvinnuleysi minnst hjá félagsmönnum Hlífar

Í nýrri Gallup könnun Flóafélaganna kemur fram að atvinnuástand á félagssvæði Hlífar er betra en hjá hinum Flóafélögum.

Þegar spurt er hvort viðkomandi hafi verið atvinnulaus í mánuð eða lengur á sl. tveimur árum kemur í ljós að félagar í Híf hafa sloppið mun betur en í hinum félögum. Hjá Hlíf höfðu 6,5% verið atvinnulausir, hjá Eflingu 16,1% og hjá VSK 20,8% en það er vitað að atvinnuástand á Suðurnesjum hefur verið mun verra en annars staðar á landinu.



[5]

Undirbúningur kjarasamninga



[10]

Námskeið hjá Hlíf



[14]

Ný orlofshús í Stykkishólmi



Bjartara framundan

Það birtir til í íslensku efnahagslífi samkvæmt nýrri hagspá hagdeildar ASÍ sem birt var 16. október sl. Hagvöxtur er að glæðast, fjárfestingar að taka við sér, kaupmáttur að aukast og atvinnuleysi að minnka þó það verði áfram mikið. Hagur heimilanna vænkast því og fjárhagsstaða ríkis og sveitarfélaga batnar. Óstöðugleiki verður þó áfram til staðar með veiku gengi og mikilli verðbólgu. Samkvæmt hagspánni eru blikur á lofti og efnahagsbatinn brothættur. Þróist efnahagsmál erlendis á verri veg en spáð hefur verið mun það bitna enn frekar á okkur. Þá eru stór fjárfestingaráform eins og bygging álvers í Helguvík ekki í hendi þó að líkur á þeim hafi aukist og því reiknað með þeim í hagspánni. Það mun draga verulega úr hagvexti ef ekki verður ráðist í byggingu álversins og verði frekari tafir á byggingu nýs spítala hefur það einnig áhrif á spána. Uppsafnaður hagvöxtur árána 2013–2015 mun minnka um 2,7% og heildarverðmætasköpun okkar verða um 100 milljörðum minni fram til ársins 2015 gangi

fjárfestingaráformin ekki eftir. Þetta mun hafa bein áhrif á kjör launafólks auk þess sem hægur mun draga úr atvinnuleysi og hættan á að langtímaatvinnuleysi festist í sessi eykst.

Mikið starf hefur verið unnið á liðnum árum í fjármálum hins opinbera. Búið er að setja sveitarfélögum fjármálareglur sem tryggja eiga að fjárhagur þeirra verði sjálfbær til framtíðar og búið er að lyfta Grettistaki í að ná niður halla ríkissjóðs. Mikilvægt er að ekki verði slakað á í því verki að ná jöfnuði í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Vaxtagreiðslur eru næst stærsti útgjaldaliður fjárlaganna.

Enn er margt ógert og mikilvægt að haldið sé áfram með uppbyggingarstarfið eftir hrunið. Það þarf að auka fjárfestingar og leggja áherslu á aukna verðmætasköpun og aukinn útflutning. Þjóðin glímur við þrálátan óstöðugleika og háa verðbólgu sem rekja má til gjaldmiðilsins. Gjalddeyrihöft eru enn til staðar og litlar líkur á að þau verði afnumin í bráð. Til skemmri tíma er nauðsynlegt að draga úr gengissveiflum og styrkja gengi krónunnar og koma þannig í

veg fyrir að há verðbólga hamli því að hagur heimilanna batni og tryggja jafnframt jafnvægi milli innlendra atvinnugreina. Í því sambandi er mikilvægt að kanna möguleikann á því að festa gengi krónunnar. Til lengri tíma verði hins vegar að taka upp traustan gjaldmiðil.

„Ef við tökumst á við þessi erfiðu og mikilvægu

Það birtir til í íslensku efnahagslífi samkvæmt nýrri hagspá hagdeildar ASÍ sem birt var 16. október sl.

mál af einurð og festu mun það leggja grunninn að lífskjarasókn sem í senn bætir hag heimilanna og tryggir okkur tækifæri í fremstu röð. Tækifæri sem byggja á nýsköpun og frumkvöðlastarfi sem skilar sér í spennandi atvinnutækifærum og hagvexti til framtíðar. Takist það ekki er hér raunveruleg hættu á stöðnun, segir í hagspánni.

**SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64**

OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:30 til 16:00
Sími: 5100 800
Fax: 5100 809

Veffang: www.hlif.is
Netfang: hlif@hlif.is
Ábyrgðarmaður:
Kolbeinn Gunnarsson
Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf

Umbrot: Betri Stofan ehf.
Ritstjórn og efnisöflun:
Sigurður Friðbjólfsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Óvíst hvort forsendur kjarasamninga haldi

Kjarasamningur á almennum markaði kemur til endurskoðunar nú eftir áramótin. Gildistími samningsins er frá 22. júní 2011 til 31. janúar 2014 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Í kjarasamningnum eru endurskoðunarákvæði og það næsta um mánaðarmótin 31. janúar 2012.

Forsendunefnd á að koma saman og fara yfir hvort samningar haldi. Haldi forsendur kjarasamninga hækka laun á almennum vinnumarkaði eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Verði samningum sagt upp af samningsaðilum og ekki samið um annað, verða samningar lausir. Í framhaldi verður samningsumboðið hjá hverju stéttarfélagi sem tekur afstöðu um næstu skref.

Forsendurnar eru fjórar. Í fyrsta lagi að gengisvísitalan verði undir 190 stigum. Í öðru lagi að 12 mánaða verðbólga í desember 2012 verði undir 2,5%. Þá á kaupmáttur að hafa aukist frá desember 2011 til desember 2012. Fjórða forsendan er svo að ríkisstjórnin hafi staðið við yfirlýsinguna sem hún gaf út í tengslum við kjarasamninga.

Á næstunni munu samninganefnd Flóafélaganna, Eflingar- stéttarfélags, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðsfélagsins Hlífar hittast og fara yfir stöðu mála um framhaldið sem þarf að liggja fyrir um miðjan janúar 2013. Hvor sem

niðurstaðan verður að samningar haldi eða þeim verði sagt upp þarf að byggja upp mikla samstöðu félagsmanna um þá vinnu sem er framundan. Eins þurfa stjórnvöld að setja meiri kraft í uppbyggingu í atvinnulífnu svo lífið fari hér á landi komist í eðlilegt horf.

Skuldastaða fólks

Skuldir heimilanna hafa verið að aukast frá hrúni og í framhaldi af mikilli verðbólgu sem kom í kjölfarið. Hún varð til þess að lán hafa hækkað verulega og fólk ekki getað staðið í skilum af afborgunum af lánunum. Leitað hefur verið eftir úrræðum er geta komið heimilum til hjálpar en lítið verið gert í þeim málum af hálfu stjórnvalda. Því situr fólk enn uppi með vandann sem veruleg hækkun lánanna olli. Stjórnvöld verða að greina hópinn og koma þeim til hjálpar sem sannarlega tóku lán til íbúðarkaupna. Verðtrygginguna verða stjórnvöld að skoða og koma fram með annarskonar útreikning á verðtryggingu. Forsendur þurfa að breytast á þeim liðum sem mæla verðtryggingu svo sem að miða við innkaupsverð á vöru. Ekki er rétt að hafa eingöngu vexti á lánnum því þá er hættan sú að fjármagnseigendur hækki vexti til að tryggja sem mesta ávöxtun fyrir sig.

Leiguverð hefur farið hækkandi á síðustu misserum

Það er orðið svo að færri af okkar félagsmönnum eiga sína íbúð. Stærri hópur þarf að fara á leigumarkaðinn til að hafa þak yfir höfuðið.

Meðan íbúðarverð og lánakjör eru eins og þau eru nú eru litlir möguleikar fyrir okkar félagsmenn að eignast sína eigin íbúð. Nýir íbúðarkaupendur hafa ekki þann aðgang að fjármagni sem þarf til að kaupa sér fasteign. Það vantar að fjármagna þann mun sem vantar uppá vegna hámarksveðheimildar á húsnæðið. Þarna þarf að hjálpa til við fyrstu kaup. Þannig væri fólki tryggt húsnæði og þarf ekki að vera á leigumarkaði sem er í flestum tilfellum dýrara.

Skuldir heimilanna hafa verið að aukast frá hrúni og í framhaldi af mikilli verðbólgu sem kom í kjölfarið.

Aukið álag á vinnustöðum

Stórum hópum hefur eftir hrúnið verið boðið eða settir í lægra starfshlutfall á sínum vinnustað og er ætlast til að starfsmenn vinni hraðar og vinni eins og það sé í fullu starfshlutfalli. Þetta leiðir til þess að starfsfólk fellur út af vinnumarkaði vegna veikinda og slæmsku í sínum líkama.

Að þessum málum þarf að huga betur og bæta vinnuaðstöðu á vinnustöðum til að auka ánægu starfsmanna.

*Kolbeinn Gunnarsson
formaður*

Vona að ég klippi ekki alveg á naflastrenginn

Rætt við Kristján Bragason
fráfarandi framkvæmdastjóra
Starfsgreinasambandsins



Kristján Bragason framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands lætur af störfum um áramótin og heldur utan til Malmö í Svíþjóð. Þar mun hann leggja stund á doktorsnám í vinnumarkaðstengdum lýðheilsufræðum.

Kristján hóf upphaflega störf hjá Verkamannasambandinu árið 1996 og sem sérfræðingur í starfsmenntamállum og kaupaukakerfinu. Þegar Starfsgreinasambandið var stofnað undir árslok 2000 með samruna Verkamannasambandsins, Þjónustusambands Íslands vegna starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og Landsambands iðnverkfólks var Kristján ráðinn framkvæmdastjóri hins nýja Starfsgreinasambands.

„Því starfi sinnti ég til ársins 2004. Þá flutti ég búferlum til Malmö. Ég fylgdi í raun konunni sem er starfandi læknir þar. Þar hélt ég áfram að mennta mig og stefni nú á doktorsnám.“

Starfsemin endurskipulögð

Kristján kom aftur til starfa hjá Starfsgreinasambandinu í ágúst 2011. „Það má segja að ég hafi verið kallaður til starfa þar sem miklir óvissutímar voru hjá sambandinu. Framtíð þess var mjög óráðin. Ég réð mig því bara tímabundið til starfa.“

Haustið 2011 var haldið þing sambandsins og var ákveðið að fara í vinnu varðandi uppbyggingu þess með það að leiðarljósi að halda starfseminni áfram. Við hófum endurskoðun á lögum og reglugerðum sambandsins sem snéru að hlutverki, verkefnum og starfsemi þess. Einnig var farið í allsherjar endurskoðun á rekstrinum. Ákveðið var að skera niður fjármagn til sambandsins

verulega og þurfti því að draga úr starfseminni. Framhaldsþing var svo haldið í maí sl. þar sem þessar breytingar voru samþykktar og nýtt skipulag tók við.

Samráðsvettvangur fyrir félögin

Kristján sagði að menn hefðu viljað tryggja að Starfsgreinasambandið væri áfram samráðsvettvangur fyrir aðildarfélögin þar sem menn gætu komið sér saman um verkefni til að vinna að.

Í framhaldi af þinginu var farið að vinna skv. nýju lögnum og reglugerðunum og byggja upp skrifstofuna á nýja leik. Tveir starfsmenn voru ráðnir, Drífa Snædal sem framkvæmdastjóri og tekur hún alveg við stjórninni þegar Kristján lætur af störfum. Einnig var Árni Steinar

Kristján sagði að hann hefði litlu öðru getað sinnt en skipulagsmálum eftir að hann kom aftur til starfa hjá sambandinu. Fyrir þingi sambandsins næsta haust á að liggja mat á því hvernig til hefur tekist með þessar breytingar á starfseminni og í framhaldi af því á að ráðast í frekari breytingar á lögum og reglugerðum ef þurfa þykir. Kristján mun stýra þeirri vinnu.

Kvatt í annað skipti

„Ég vonast til að ég klippi ekki alveg á naflastrenginn við verkalyðshreyfinguna þótt ég sé nú að kveðja í annað skipti. Ég vil vera henni innan handar áfram, enda liggur áhugasvið mitt þar. Ég tel að doktorsnám mitt geti í raun og veru gagnast verkalyðshreyfingunni, einkum því fólki sem stendur höllustum fæti á vinnumarkaðinum.“

Námið snýr að því að gæðum heimsins er misskipt, ekki bara efnahagslegum gæðum heldur einnig öðrum gæðum og er heilsan meðal þeirra. Rannsóknir sýna að þeir sem hafa minnsta menntun eða standa af öðrum orsökum höllum fæti, hafa minni lífslíkur og lakari lífgæði. Rannsóknir mínar geta vonandi nýst verkalyðshreyfingunni til að finna leiðir til að vinna gegn slíkum ójöfnuði. Verkalyðshreyfingin hefur fyrst og fremst verið að horfa til kjara og réttinda en á síðari árum hafa ýmsir aðrir þættir verið að koma inn á borð hreyfingarinnar eins og t.d. heilsan. Vinnan og vinnustaðurinn getur haft mikil áhrif á líðan og heilsu fólks, sagði Kristján að lokum.

Ég vonast til að ég klippi ekki alveg á naflastrenginn við verkalyðshreyfinguna þótt ég sé nú að kveðja í annað skipti. Ég vil vera henni innan handar áfram, enda liggur áhugasvið mitt þar.

Stefánsson ráðinn sem sérfræðingur en hann sinnir m.a. uppmælingum við ræstingu, starfsmenntamállum og upplýsingamálum.

„Reyndar er Starfsgreinasambandið svo lítið að menn ganga í þau verkefni sem þarf að sinna hverju sinni.“

Undirbúningur kjarasam- ninga í brennidepli

Rætt við Drífu Snædal
framkvæmdastjóra
Starfsgreinasambandsins



Drífa Snædal kom til starfa hjá Starfsgreinasambandinu um miðjan september sl. Fram að áramótum eru hún og Kristján Bragason saman framkvæmdastjórar sambandsins en eftir áramót mun hún ein gegna starfinu.

Drífa hefur nýlengi tveggja ára mastersnámi í vinnumarkaðsfræðum í Svíþjóð. Þar áður var hún framkvæmdastýra Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í fjögur ár og þar á undan framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins í þrjú ár.

Endurskoðun kjarasamninga á döfinni.

Drífa segir að aðal áhersla verði lögð á það á næstunni hvort segja skuli upp samningum í janúar á næsta ári. Til þess að hægt sé að meta það þurfi að safna upplýsingum og miðla þeim til aðildarfélaganna.

„Hvort sem samningum verði sagt upp í byrjun næsta árs eða ekki þá verður undirbúningur kjarasamninga í brennidepli hjá okkur. Þeir eru lausir í febrúar 2014 og það er ætlun Starfsgreinasambandsins að kom vel undirbúin til leiks. Launakönnun Flóabandalagsins gefur sterkar vísbendingar um hvar skóinn kreppir og við eigum von á fleiri könnunum frá Norður- og Austurlandi. Við sjáum vísbendingar um að ákveðnir hópar hafa dregist aftur úr í því launaskriði sem átt hefur sér stað. Það eru aðallega ræstingahópar og umönnunarhópar.

Útboðsmál

Nýlengi er málþingi um ræstingar sem Starfsgreinasambandið stóð fyrir. Tilgangur þess var að leita leiða til að efla virðingu fyrir

starfinu og hvernig bæta megi kjörin. Drífa segir að á málþinginu hafi komið fram mjög góðar upplýsingar sem munu nýtast í áframhaldandi vinnu.

„Það sem veldur mestum áhyggjum hjá mér er hvernig staðið er að útboðum og hvaða afleiðingar þau hafa á kjör starfsfólksins. Mér er sérstaklega hugleikin núna útboðsmálin í

„Hvort sem samningum verði sagt upp í byrjun næsta árs eða ekki þá verður undirbúningur kjarasamninga í brennidepli hjá okkur. Þeir eru lausir í febrúar 2014 og það er ætlun Starfsgreinasambandsins að koma vel undirbúin til leiks.

heild sinni og hvernig sparnaður hins opinbera kemur fram í lakari kjörum ákveðinna hópa. Við höfum átt fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga út af þessum málum og lýst þungum áhyggjum.“

Svört vinna í ferðapjónustu

Annað mál sem Drífu er hugleikið er svört atvinnustarfsemi. „Við rekum okkur ítrekað á að ör vöxtur í ferðapjónustu virðist að hluta til vera rekinn með svartri atvinnustarfsemi. Við höfum af því bæði samfélagslegar áhyggjur, það að fólk sé ekki að leggja sitt af mörkum til samfélagsins, en einnig áhyggjur af starfsfólkinu sem vinnur við slíkar aðstæður. Það

hefur ekki sömu réttindi og aðrir, t.d. varðandi veikindarétt, orlof o.fl. Þá eru kjarasamningsbrot í greininni mikið áhyggjuefni og til umfjöllunar hjá verkalýðsfélögum um allt land.

Miðlun upplýsinga

Starfsemi Starfsgreinasambandsins felst mikið í því að afla upplýsinga og miðla þeim til aðildarfélaganna um allt land auk þess sem sambandið er vettvangur samráðs. Málþingið um ræstingar fellur undir þetta starf en það sóttu trúnaðarmenn víðsvegar að af landinu.

„Þarna höfðu trúnaðarmennirnir tækifæri til að hittast og bera saman bækur sínar. Í strjálbýlu landi með litlar starfseiningar eru skyldur landssambanda ríkar við að miðla reynslu og upplýsingum. Það kemur oft í ljós að sömu vandamálin koma upp um allt land og án þess að vera með miðstýringartilburði þá hafa allir gott af því að nýta sér reynslu annarra. Miðlun upplýsinga og þekkingar til félaganna er því einn mikilvægasti þáttur starfseminnar, sagði Drífa að lokum.

**Bestu kveðjur
til félagsmanna
Hlífar**



Aldar- afmæli Hjálmur

Hjálmur á aldarafmæli um þessar mundir. Blaðið hóf göngu sína 25. nóvember 1912. Ritstjóri blaðsins var Magnús Hallsson en hann var brjósveikur og ritaði blaðið löngum í rúminu.

Hjálmur var handritaður eins og títt var um félagblöð á þeim tímum og var það lesið upp á félagsfundum. Magnús handritaði blaðið sjálfur fyrir utan fyrsta tölublaðið sem Gísli Sigurgeirsson ritaði. Stór hluti efnisins í blaðinu var einnig eftir Magnús.

Hjálmur kom reglulega út í fjögur ár og kom síðasta tölublaðið út 2. mars 1916. Alls höfðu þá 60 tölublöð komið út, samtals 456 blaðsíður í stóru arkabroti.

Í blaðinu var rætt um innanfélagsmál og ýmis þjóðþrifamál og mál er vörðuðu Hafnarfjörð voru áberandi. Dægurmál voru ofarlega á baugi og það sem aflaga þótti fara í bænum var gagnrýnt. Þá birtust iðulega ljóð í blaðinu og munu mörg þeirra hafa verið eftir ritstjórnann enda Magnús vel hagamæltur. Þá ritaði Ketill Greipsson frá Haukadal skemmtilegar ferðasögur í blaðið en hann var mikill styrktarmaður þess.


Útgáfan verður stopulli

Eftir að Magnús hætti með blaðið varð útgáfa þess stopulli. Hjálmur kom næst út í desember 1917 undir ritstjórn Símonar Kristjánssonar. Þann vetur komu út sex tölublöð. Síðan lá útgáfan niðri þar til í nóvember 1920 en þá kom út eitt blað og annað í desember, en það var bara hálf þvi síðari hluti þess var skrifaður í nóvember 1921. Ritstjóri var Ágúst Jóhannesson barnaskólakennari. Komu út fimm tölublöð þá

um veturinn og fjögur næsta vetur. Lá útgáfan þá niðri í eitt ár en í mars 1924 kom síðasta handritaða tölublað Hjalms út og var ritstjóri þess Guðmundur Sveinsson, síðar kaupfélagsstjóri.

Útgáfa Hjalms lá síðan niðri í rúman áratug.

Það var í október 1935 að Hjálmur kom út vélritaður og líkt og áður var blaðið lesið upp á



félagsfundi. Ritstjóri var Albert Kristinsson og komu út átta blöð þá um veturinn, en þá lagðist útgáfan af.

Þáttur Hermanns Guðmundssonar

Síðla árs 1942 hreyfði Hermann Guðmundsson formaður Hlífar því að ástæða væri til þess að endurvekja útgáfu Hjalms til að flytja fréttir og greinar um félagsmál. Var því vel tekið og kom blaðið út

Það er beisk staðreynd sem verður að viðurkenna að þrátt fyrir allar framfarir og margskonar kjarabætur, og reyndar algera byltingu sem orðið hefur í þjóðfélaginu varðandi stöðu verkalyðshreyfingarinnar frá því að Hjálmur hóf fyrst göngu sína 1912, þá hefur félagslegur og stéttarlegur þroski verkalyðshreyfingarinnar ekki fylgt annari þróun og því nauðsyn á stóru átaki til að jafna þann mun.

Nú er Hjálmur hér kominn aftur eftir 14 ára hvíld. Væntanlega verður útgáfa hans til að eyða þeim doða sem óneitanlega einkennir félagsstarfið.

Úr ávarpsorðum Hermanns Guðmundssonar formanns Hlífar á forsíðu Hjálms í janúar 1976.

prentað í desember. Árið 1944 voru tölublöðin níu og fjögur árið 1944. Útgáfan lá svo niðri næstu tvö árin en var endurvakin árið 1947 og enn var það Hermann Guðmundsson sem hafði forgöngu um málið. Kom blaðið síðan út á hverju ári allt til ársins 1965 en voru tölublöðin mismörg.

Efni blaðsins á þessum árum voru fréttir af starfsemi félagsins, kjarasamningum og greinar um verkalyðsmál og málefni bæjarins. Síðari árin var aðalefni blaðsins kaupaxtar og stundum það eina sem var í blaðinu. Síðar var farið að prenta kaupaxtana í handhægara broti til að geta haft þá í vasa og lagðist þá útgáfa Hjálms niður fyrir utan að eitt tölublað kom út á 60 ára afmæli Hlífar 1967. Efni þess blaðs var yfirlit yfir sögu félagsins sem Gils Guðmundsson tók saman og var sagan þrýdd mörgum myndum. Í janúar 1976 hóf Hjálmur göngu sína á ný. Blaðið var fjölritað og var Júlíus Halldórsson ritstjóri. Hermann Guðmundsson skrifaði ávarpsorð á forsíðu blaðsins og er hluti úr ávarpinu birtur í rammagrein með þessari samantekt. Útgáfan lá svo niðri til ársins 1982 að veglegt blað kom út í tilefni 75 ára afmælis Hlífar. Blaðið hefur síðan komið árlega út en mis mörg tölublöð á ári. Frá og með árinu 1982 til 2008 ritstýrði Sigurður T. Sigurðsson formaður Hlífar Hjálmi.



Endurmenntun atvinnubílstjóra



Í undirbúningi er að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um endurmenntun atvinnubílstjóra og á Starfsgreinasambandið í viðræðum við innanríkisráðuneytið o.fl. um þau mál. Tilgangur viðræðnanna felst í því að leita allra leiða til að innleiða endurmenntunarkröfuna á sem þægilegastan hátt. Drífa Snædal framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins sagði að tilskipunin gangi út á það að atvinnubílstjórar sækja endurmenntun í faginu á fimm ára fresti til að viðhalda starfsréttindum. „Við vinnum út frá því að fræðslusjúðir félaganna greiði kostnað bílstjóranna við endurmenntunina og að

þeim verði gefið gott tímasvigrúm til að endurmennta sig. Við leggjum til að þeir geti valið um að sækja menntunina í smá skömmtum á löngum tíma. Einnig leggjum við áherslu á að bílstjórnarnir þurfi ekki að gangast undir próf heldur sé litið á þetta sem fræðslu. Ef vel er staðið að þessu getur þetta styrkt stöðu atvinnubílstjóra, aukið færni í greininni og veitt þeim fræðslu í því nýjasta í faginu, sagði Drífa. Hún sagði að allir sem tækju þátt í þessum viðræðum stefndu að sama markmiðinu, að standa við skuldbindingarnar en gera það á sem þægilegastan og hagkvæmasta hátt.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar vill meira samstarf við atvinnulífið

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hóf nýlega sitt fimmta starfsár. Markmið starfsins er að hjálpa fólki við að verða vinnufært eftir hafa verið atvinnulaust eða þurft að hætta störfum vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum. Um þessar mundir (nóvember 2012) eru þátttakendur í starfsendurhæfingu hér á milli 60 og 70. Um er að ræða fjölbreyttan hóp fólks á aldrinum 20-60 ára, bæði karla og konur með ólíkan bakgrunn, reynslu og menntun.

Ávinningur af velheppnaðri starfsendurhæfingu er margvíslegur og þjónar bæði hagsmunum þátttakenda, atvinnulífsins og samfélagsins alls. Þátttakendur lýsa bættum lífsgæðum og betri líðan, fleiri komast til vinnu á ný eftir veikindi og áföll og færri verða öryrkjar. Dýrmæt menntun, þjálfun, hæfni og reynsla fólks nýtist atvinnulífinu á nýjan leik og allir græða. Því fé sem varið er í starfsendurhæfingu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna er því vel varið og skilar sér margfalt til baka til samfélagsins. Þeir sem komast í vinnu losna úr bótakerfinu, greiða skatta af sínum vinnulaunum og meira verður til skiptanna til þess að styðja við þá sem á þurfa að halda.

Árið 2010 fóru fyrstu þátttakendur okkar í starfsprófanir á vinnumarkaði. Smátt og smátt hefur sá þáttur fengið meira vægi í endurhæfingunni og er nú lokahnykkur endurhæfingar flestra þátttakenda. Starfsprófun gegnir að minnsta kosti tvíþættum tilgangi. Annars vegar þeim að finna starfsvettvang sem hentar fólki sem þarf að skipta um vinnu heilsu sinnar vegna og hins vegar til þess að fólk fái tækifæri til þess að láta reyna á vinnugetu sína við raunverulegar aðstæður úti í vinnu. Um framkvæmd hennar hefur náðst mjög gott samstarf við ýmis fyrirtæki í bænum og nokkur þeirra hafa verið okkur samferða frá upphafi. Í starfsprófun er ekki um launaða vinnu að ræða, en þeir vinnustaðir sem taka þátt í verkefninu skaffa fólki tækifæri til þess að reyna sig og fá í staðinn vinnuframlag viðkomandi einstaklinga. Vinnutími og tímalengd fer hverju sinni eftir aðstæðum á vinnustað og þörfum einstaklinganna sem um ræðir. Gagnsemin felst í því að einstaklingur sem búinn er að láta reyna á vinnugetu sína þekkir betur eigin styrkleika og takmörk, er öruggari um hvað hann hefur fram að færa og hvað hann ræður við og fer því ákveðnari í atvinnuleit á eftir. Nokkur dæmi eru síðan um að í kjölfar vel

heppnaðrar starfsprófunar hafi fólk verið ráðið í vinnu á viðkomandi vinnustað. Þegar það gerist er það aukabónus því að starfsprófuninni fylgja engar slíkar skuldbindingar, hvorki fyrir atvinnurekandann né einstaklinginn sjálfan.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar vinnur að því að auka tengsl við vinnumarkaðinn og þróa frekara samstarf við fyrirtæki og hefur fengið til þess stuðning frá Virk starfsendurhæfingarsjóði. Tilgangurinn er að fjölga tækifærum til starfsprófunar og gera þau fjölbreyttari til þess að mæta ólíkum þörfum einstaklinga og aðstæðum fyrirtækja. Þátttaka í svona

verkefni er ein leið fyrir fyrirtæki til þess að axla samfélagslega ábyrgð og skapa fleirum tækifæri á vinnumarkaði og getur auk þess í sumum tilfellum gefið þeim færi á að krækja sér í góða framtíðarstarfsmenn. Um leið og við þökkum hafnfirskum fyrirtækjum samstarfið hingað til munum við halda áfram að leita eftir og bjóða til áframhaldandi samstarfs. Áhugasamir eru hvattir til þess að hafa samband við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar í síma 527-0050.



www.veislulist.is

Góð veisla lifir lengi!

Allar nánari upplýsingar veita matreiðslumenn okkar frá kl. 12:00 - 17:00 alla daga nema sunnudaga í síma 555 1810 eða á heimasíðu okkar www.veislulist.is

Sendið okkur fyrirspurn á skutan@skutan.is

Veislulist

Veislulist og Skútan, Hólshrauni 3 - Hafnarfirði - Sími 555 1810

Bairi Stólan

Veruleg aukning námsstyrkja



Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafli

„Árið í fyrra var metár hjá okkur með yfir 2.200 afgreidda námsstyrki Starfsafli til félagsmanna Flóabandalagsins, þ.e. félagsmanna Hlífar, Eflingar og VSKF. En við erum að sjá áframhaldandi aukningu í ár. Ég býst við að við afgreiðum um 2.500 styrki í ár. Þetta er afskaplega gleðileg þróun og sýnir að félagsmenn vilja efla stöðu sína á vinnumarkaði á erfiðum tímum“ sagði Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafli fræðslusjóðs í samtali við Hjálmu.



„Það er mikilvægt að félagsmenn stéttarfélaganna geri sér grein fyrir möguleikum sínum á styrkjum til hvers kyns náms. Það geta verið tungumálanámskeið, tölvunámskeið, námskeið til sjálfsstyrkingar t.d. Dale Carnegie og í raun hvaða náms sem er. Einnig veitum við styrki til tólmundanáms en þeir eru lægri. En það munar um hverja krónu.“

Starfsmenntastyrkir t.d. tungumálanám, sjálfstyrking o.fl. geta verið allt að 60.000 kr á ári en aldrei meira en 75% námskostnaðar, miðað

við að félagsmaður sé í fullu starfi, hlutastarf gefur hlutfallslega lægri styrki. Tólmundastyrkir, t.d. til að læra leirlist, bútasam, almennt ökunám o.fl. eru að hámarki 18.000 kr á ári en aldrei meira en 75% kostnaðar.

Skrifstofa Hlífar veitir allar nánari upplýsingar og þar er hægt að nálgast umsóknareyðublöð og skila inn umsókn. Nú í desember er miðað við skil 17. des. en venjulegast er miðað við 20. hvers mánaðar og eru þá styrkir greiddir út um 10 dögum síðar.

Jólagjöf sem hentar öllum

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að gefa réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og viðtakandinn velur gjöfina. Gjafakortið fæst í næsta útibúi.





Trúnaðar- mannanám- skeið Hlífar

Verkalýðsfélagið Hlíf hefur í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu staðið fyrir trúnaðarmannafræðslu fyrir trúnaðarmenn félagsins. Eru tvö þrep af fimm búin af náminu. Fyrsta þrepið var haldið sl. vor en nú í nóvember var annað þrepið haldið í húsakynnum Hlífar. Ákveðið hefur verið að þriðja þrepið verði haldið 16. til 18. janúar

nk. 15 trúnaðarmenn félagsins hafa sótt námið. Í öðru þrepi námskeiðsins sem lauk í nóvember var lögð áhersla á vinnurétt og lestur launaseðla og launaútreikning.

Á námskeiðinu í janúar verður farið í starfsemi félagsins, lög, reglugerðir, gegnum gildandi kjarasamninga, kynning á sjóðum félagsins og rétti félagsmanna. Þá verður

fjallað um tryggingar sem launlaunafólk hefur í gegnum kjarasamninga, sjúkrasjóði og almannatryggingakerfið. Virk mun kynna starf starfsendurhæfingarsjóðsins, hugmyndafræði og árangur. Þá verða kynnt helstu lög og reglugerðir um vinnuvernd og vinnueftirlit og hlutverk trúnaðarmanna í vinnuvernd á vinnustað þeirra.



Væntingarnar hafa staðist

Eypór Þormóður Árnason er einn af sex trúnaðarmönnum Hlífar í álverinu í Straumsvík en auk hans sóttu þrír aðrir trúnaðarmenn úr álverinu námskeiðið. Eypór hefur starfað sem rafgreinir í kerskála frá árinu 2002 og segist

ánægður með vinnuna. Hann er búinn að vera trúnaðarmaður í kerskála og eftirvinnslu í eitt ár. Hann hafði mikinn áhuga á starfi trúnaðarmannsins og gaf því kost á sér til starfans og hafði betur í kosningu.

„Það er talsvert af málum sem koma inn á borð til okkar trúnaðarmannanna í Straumsvík enda stór vinnustaður. Þau mál eru síðan unnin í samvinnu við Gylfa Ingvarsson yfirtrúnaðarmann í Straumsvík og Kolbein Gunnarsson formann Hlífar. Í haust var sagt upp 14 starfsmönnum í álverinu og komu mál þeirra til kasta okkar. Þetta snerti bæði almenna starfsmenn fyrirtækisins og einnig yfirmenn og var þeim annað hvort sagt upp eða færðir til í starfi.

Námskeiðið í nóvember var annar áfangi trúnaðarmannafræðslunnar sem Eypór sækir en fyrsti áfanginn var haldin hjá Eflingu í Reykjavík sl. vor og sóttu það trúnaðarmenn úr mörgum félögum. Í öðrum áfanga voru hins vegar einungis trúnaðarmenn úr Hlíf.

„Væntingarnar sem ég gerði mér til námskeiðsins var að það myndi skýra betur út fyrir mig í hverju ég var lentur, hvað ég hafði hætt mér út í. Þær væntingar hafa staðist og koma þessar áfangar til með að gagnast mér vel. Þau styðja við bakið á manni. Þekkingin á starfi og hlutverki trúnaðarmannsins hefur aukist verulega.

Eypór er stúdent þannig að hann kemur ekki til með að nýta þær einingar sem námið veitir en hann er sannfærður um að það sé klárlega akkur fyrir fólk sem ekki hefur lokið framhaldsskóla. Hann segist búast fastlega við að hann haldi áfram með trúnaðarmannafræðsluna og sækja námskeiðið sem haldið verður í janúar.

„Ég mæli hiklaust með þessum námskeiðum fyrir trúnaðarmenn. Upplýsingarnar sem koma þarna fram eru mjög gagnlegar og á allan hátt vel að þessu staði hjá Hlíf. Ég hvet alla sem hafa áhuga á að gerast trúnaðarmenn á sínum vinnustað að afla sér upplýsinga um námskeiðin.



Skemmtilegt námskeið

Lizy Stefánsdóttir er trúnaðarmaður á leikskólanum Tjarnarási en á vinnustaðnum eru tíu félagsmenn Hlífar. Hún starfar sem matráður á leikskólanum og hefur starfað þar í tvö og hálf t. Hún byrjaði sem trúnaðarmaður sl. sumar og segist ekki hafa haft hugmynd um út á hvað starfið gekk.

„Ég var því glöð þegar það gafst tækifæri til að sækja þetta trúnaðarmannanámskeið. Eftir námskeiðið er maður öruggari með sig því ég veit nú betur út á hvað starf trúnaðarmannsins gengur. Mér finnst starf trúnaðarmannsins meira spennandi núna eftir að ég sótti námskeiðið.

Lizy segir að námskeiðið hafi verið mjög gott og skilað góðri þekkingu. Kennararnir hafi verið frábærir. Þá hafi mjög áhugaverðar umræður spunnist á námskeiðinu. Einnig hafi verið gott að kynnast öðrum trúnaðarmönnum.

„Trúnaðarmennirnir komu frá mjög mismunandi vinnustöðum og misstórum.og það var gaman að kynnast því sem aðrir voru að fást við. Mér finnst að trúnaðarmenn Hlífar ættu að koma saman svona einu sinni á ári til að fylgjast með því sem er í gangi og stilla saman strengi.

Hún segir að leikskólinn Tjarnarás sé mjög þægilegur vinnustaður og síðan hún gerðist trúnaðarmaður hafi ekki neitt sérstakt komið upp á. Auk matráðsstarfsins er Lizy danskennari hjá Dansípróttafélagi Hafnarfjarðar og hjá félögum eldri borgara í Reykjavík og Garðabæ. Námskeiðið í nóvember fjallaði um vinnurétt og útreikninga og lestur launaseðla. Í janúar verður svo framhald á námskeiðinu og verður þá farið í starfsemi Hlífar, kjarasamning, tryggingamál, starfsendurhæfingarsjóðinn Virk og vinnuvernd.

Lizy segir að hún muni hiklaust sækja það námskeið, bæði til að byggja sig upp sem trúnaðarmann og til að afla sér almennrar þekkingar. Þá getur meira en vel verið að hún nýti sér þær einingar sem námskeiðin veita til að ljúka námi í framhaldsskóla.

„Mér fannst þetta mjög skemmtilegt og áhugavert námskeið. Ég átti von á því að það yrði þyngra. En það var létt yfir þessu og það hefur vakið áhuga minn á starfi trúnaðarmannsins. Upplýsingarnar sem við fengum á námskeiðinu voru mjög aðgengilegar.



Haldór Oddson





Launakönnun Flóabandalagsins

Launamunur kynjanna eykst og óánægja með launin

Í nýrri Gallup könnun Flóafélaganna veldur það miklum áhyggjum að launamunur kynjanna fer vaxandi en sú breyting virðist almennt vera að ganga yfir vinnumarkaðinn á síðustu misserum. Þá vekur athygli að yfirvinnutími karla lengist umtalsvert meðan yfirvinna kvenna stendur nokkuð í stað. Flóafélagin eru Verkalýðsfélagið Hlíf, Efling-stéttarfélag og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (VSFK).

Konur með mun lægri laun en karlar

Að jafnaði voru dagvinnulaun kvenna rúmlega 19% lægri en meðal dagvinnulaun karla. Meðal dagvinnulaun karla í 100% starfshlutfalli voru um 298 þúsund krónur en dagvinnulaun kvenna tæplega 242 þúsund krónur. Þegar dreifing launa er skoðuð þá svarar 27% kvenna að þær séu með dagvinnulaun undir 200.000 kr. fyrir fullt starf og 15% karla. Þá segjast 40% þeirra sem starfa við ræstingar vera með dagvinnulaun undir 200.000 kr. fyrir fullt starf. Það styður við fyrri vísendingar að sá hópur sem er að fá greitt samkvæmt lágmarkstóxtum hefur stækkað og er því full ástæða til að fylgjast vel með að ekki sé verið að greiða laun undir lágmarki en lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf er 193.000 kr. í dag.

Karlar hafa um 108 þúsund krónum meira í heildarlaun en konur. Heildarlaun karla í fullu

starfi eru að meðaltali 379.000 kr. á mánuði og 271.000 kr. hjá konum.


Laun hæst hjá félagsmönnum í Hlíf

Þegar horft er til heildarlauna í ágúst sl. kemur í ljós að heildarlaun félagsmanna í Hlíf eru hæst af þessum þremur félögum. Meðallaun félagsmanna í Hlíf voru 374 þúsund krónur, í Eflingu 320 þúsund krónur og í VSFK 297

þúsund krónur. Með heildarlaunum er átt við allar greiðslur, bonus, yfirvinnu, fatastyrk og önnur hlunnindi.

Sama er uppi á teningnum þegar rætt er um dagvinnulaun. Þar eru Hlífarfélagar með 326 þúsund krónur að meðaltali, Efling með 265 þúsund og VSFK með 242 þúsund krónur.

Ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við laun þín?



Ág.-sept. '03 Mars '05 Ág.-sept. '06 Ágúst '07 Sept.-okt. '08 Sept.-okt. '09 Ág.-sept. '10 Sept.-okt. '11 Sept.-okt. '12

■ Mjög sátt(ur) ■ Frekar sátt(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar ósátt(ur) ■ Mjög ósátt(ur) ■ Meðaltal (1-5)



Hver voru heildarlaun þín í ágúst fyrir skatta? Heildarlaun eru allar greiðslur, bónus, yfirvinna, fatastyrkur og önnur hlunnindi?

199 þúsund kr. eða minna	58	9,4	2,3
200 - 249 þúsund kr.	151	24,5	3,4
250 - 299 þúsund kr.	103	16,7	2,9
300 - 349 þúsund kr.	104	16,8	2,9
Meira en 350 þúsund kr.	201	32,6	3,7
Fjöldi svara	617	100,0	
Tóku afstöðu	617	52,2	
Tóku ekki afstöðu	199	16,8	
Starfshlutfall 70% eða hærra	816	69,0	
Starfshlutfall lægra en 70% eða ekki nefnt	367	31,0	
Fjöldi svarenda	1.183		
Meðaltal	323.876 kr.		
Vikmörk ±	10.151 kr.		
Staðalfrávik	128.299 kr.		
Miðgildi	296.119 kr.		
Tíðasta gildi	300.000 kr.		

Í þessari spurningu eru einungis birt svör þeirra sem voru í 70% starfshlutfalli eða hærra og gáfu upp starf. Laun þeirra sem voru í 70-99% starfshlutfalli eru uppreiknuð miðað við 100% starfshlutfall.

Meðaltal í þúsundum kr.



Óánægja með launin

Fram kemur í könnuninni að ríflega helmingur félagsmanna í Hlíf er ósáttur með laun sín. 25,2% eru mjög ósáttir og 27,9% frekar ósáttir. Einungis ríflega 15% er mjög sáttir eða frekar sáttir með launin. Það er því ljóst að áhersla á hækkun launa verður sett á oddinn í komandi kjarasamningum.

Vinnutími karla lengist

Sú fækkun sem átti sér stað í fyrra í hópi þeirra sem eru í fullu starfi virðist nú hafa gengið til baka en um 77% félagsmanna segjast vinna fullt starf í sínu aðalstarfi. Áfram er þetta hlutfall þó mismunandi eftir starfahópum og eru ennþá innan við helmingur þeirra sem starfa við umönnun í fullu starfi. Vinnutími karla í fullu starfi er nú að meðaltali 48,6 klukkustundir og lengist um ríflega eina klukkustund frá fyrra ári en vinnutími kvenna í fullu starfi er nú að meðaltali 42 klukkustundir sem er ívið lægra en á fyrra ári en sá sami og árið þar á undan.

Yfirvinnutími karla í fullu starfi er nú tæpir 9 tímar að meðaltali og lengist um ríflega 2 klukkustundir en yfirvinnutími kvenna í fullu starfi stendur nánast í stað og er að meðaltali 3,6 klukkustundir.

Lægstu dagvinnulaun í ræstingum og hjá leiðbeinendum

Af einstaka starfsstéttum eru starfsmenn sem vinna við ræstingar og leiðbeinendur sem starfa á leikskólum með lægstu dagvinnulaunin eða að meðaltali 230.000 kr. Heildarlaun þessara sömu hópa eru að meðaltali 244.000 kr. í báðum tilvikum.

Dagvinnulaun verkstjóra og flokkstjóra eru hæst eða að meðaltali um 378.000 kr. á mánuði. Ef við skoðum hins vegar heildarlaun verkstjóra og flokkstjóra þá eru þau að meðaltali 464.000 kr. á mánuði. Þá eru bílstjórar og tækjamenn með 403.000 kr. á mánuði að meðaltali í heildarlaun en 250.000 kr. í dagvinnulaun á mánuði.

Atvinnuleysi minnst hjá Hlíf

Þegar spurt er hvort viðkomandi hafi verið atvinnulaus í mánuð eða lengur á sl. tveimur árum kemur í ljós að félagar í Hlíf hafa sloppið mun betur en í hinum félögum. Hjá Hlíf höfðu 6,5% verið atvinnulausir, hjá Eflingu 16,1% og hjá VSK 20,8% en það er vitað að atvinnuástand á Suðurnesjum hefur verið mun verra en annars staðar á landinu.

Aðstoð vegna fjárhagslegrar stöðu

Talsverður fjöldi félagsmanna Hlífar hefur leitað sér aðstoðar vegna fjárhagslegrar stöðu sinnar, eða 22,2%. Það er þó lægra hlutfall en hjá hinum félögum en 28,4% félagsmanna í Eflingu og 31,3% félagsmanna í VSK hafa leitað sér aðstoðar.

Áhyggjur vegna fjárhagslegrar stöðu eru hins vegar miklar hjá öllum félögum. Ríflega 53% félagsmanna í Hlíf og VSK hafa mjög miklar eða frekar miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni og rúmlega 46% félagsmanna í Eflingu.

Um könnunina

Markmiðið var að kanna kjör og viðhóf félagsmanna Eflingar, Hlífar og VSK.

Könnunin var framkvæmd 5. september til 15. október 2012

Síma og netkönnun meðal 3300 félagsmanna Endanlegt úrtak 2395 en svarendur alls 1183 og svarhlutfall er 49,4%

**Allt viðhald
fasteigna**

**TRÉSMÍÐJAN
OKKAR EHF.**

**Reykjavíkurvegi 64,
Hafnarfirði, s: 8944024**



Stykkishólmur

Ný orlofshús í Stykkishólmi



Enn fjölga orlofshúsum sem félagsmenn í Hlíf geta valið úr því félagið hefur keypt tvær íbúðir í parhúsi í Stykkishólmi. eru orlofshús/íbúðir félagsins þá orðin tólf talsins.

Húsin í Stykkishólmi eru að Borgarhlíð 2 og Borgarhlíð 4. Íbúðin í Borgarhlíð 2 er tilbúin en íbúðin í Borgarhlíð 4 er tilbúin undir tréverk. Báðar verða íbúðirnar tilbúnar til útleigu þegar sumarleiga hefst næsta vor.

Íbúðin að Borgarhlíð 2 er tæpir 75 fermetrar að stærð og var kaupverð hennar 17,5 milljónir króna. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, samliggjandi stofu og eldhús og tvö svefnherbergi. Góður sólpallur er í garðinum og heitur pottur.

Íbúðin að Borgarhlíð 4 er tæpir 86 fermetrar að stærð og var kaupverð hennar 19 milljónir króna. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, samliggjandi stofu og eldhús og tvö svefnherbergi. Góður sólpallur er í garðinum og heitur pottur.

Parhúsin eru staðsett í nágrenni Hótel Stykkishólms og því stutt í alla þjónustu í bænum. Í Stykkishólmi er margt að skoða.

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla er í Norska húsinu sem er við höfnina í bænum.

Þá er elfjallasafn í bænum sem geymir m.a. forn og ný alþjóðleg listaverk sem sýna eldgos. Safnið er í eigu Haraldar Sigurðssonar prófessors sem hefur stundað eldfjallarannsóknir í yfir 40 ár. Þar er einnig að finna fornminjar og steintegundir úr safni eigandans. Á vegum safnsins er hægt að fara í fræðsluferðir um Snæfellsnes þar sem jarðfræði svæðisins og eldfjöll eru skoðuð. Ferðirnar eru á mánudögum og þriðjudögum. Ýmis fleiri söfn og gallerí eru í bænum.

Mjög vinsælt er að fara í siglingu um Breiðafjörð, sem kallaður hefur verið matarkista Íslands og smakka um borð á ýmsu sjávarfangi. Einnig er vinsælt að sigla út í Flatey og skoða þar ósnortna náttúru og einstakt gamalt þorp. Þar hefur tíminn staðið í stað í tugi ára.

Þá er úrval skemmtilegra gönguleiða í Stykkishólmi.



Vetrarleiga orlofshúsa

Nú yfir vetrartímann er tilvalið að skreppa úr bænum yfir helgar og njóta kyrrðar í orlofshúsum félagsins. Hlíf er með orlofshús víða um land. Í Ölfusborgum og Vaðnesi á Suðurlandi eru tvö hús til útleigu á hvorum stað. Á Vesturlandi er félagið með hús í Munaðarnesi og í Húsafelli. Þá er félagið með þrjár íbúðir á Akureyri en tvær þeirra eru leigðar út til námsmanna yfir veturinn. Helgarlegan yfir vetrartímann er 12.000 krónur nema í Ölfusborgum þar sem hún er 13.000 kr. og sér rekstrarfélag Ölfusborga um útleiguna þar yfir vetrartímann nema páskahelgina. Síminn þar er 483 4260.



Forsendur kjarasamninga gætu brostið

40. þing ASÍ var haldið dagana 17. til 19. október sl. Fulltrúar Hlífar á þinginu voru Kolbeinn Gunnarsson formaður Hlífar, Linda Baldursdóttir varaformaður, Harpa Sigurjónsdóttir, Ólafur Pétursson, Ragnar Árnason, Eypór Þ. Árnason

Á þinginu voru samþykktar ályktanir um kjaramál, lífeyrismál og almamannatryggingakerfið, atvinnumál, húsnæðismál, Evrópumál, svarta atvinnustarfsemi og græna hagkerfið. Í ályktunum um kjaramál og lífeyrismál er lögð áhersla á að stjórnvöld standi við fyrirheit sem gefin voru í tengslum við kjarasamninga annars geti forsendur þeirra brostið.

Kjaramál

Í ályktun þingsins um kjaramál er þess m.a. krafist að stjórnvöld og atvinnurekendur geri það sem í þeirra valdi stendur til að ná niður verðbólgunni og að ríkisstjórnin standi við fyrirheit sín í atvinnu- og félagsmálum. Bent er á að staðan sé grafalvarleg því brestir forsendur verða kjarasamningar í uppnámi og þá geti komið til átaka á vinnumarkaði í byrjun næsta árs.

Lýst er yfir miklum áhyggjum með þróun kjara- og atvinnumála og þá óvissu sem er framundan. „Prátt fyrir að hækkun lægstu launataxta hafi lagt grunn að auknum kaupmætti er ljóst að almennar launahækkningar hafa ekki haldið í við verðbólgu. Veik staða krónunnar og mikil verðbólga veldur því að nú stefnir í að forsendur kjarasamninganna bresti. Þar er ekki síst að sakast við fyrirtækin sem velta kostnaði sífelld út í verðlagið. Þá hækka ríki og sveitarfélög álögur sem hafa bein áhrif á verðlag. Fyrir launafólk eru afleiðingarnar hærra verð á nauðsynjum, vöru og þjónustu, hærri vextir og auknar skuldir heimilanna í landinu, segir í ályktuninni.

Bent er á að stjórnvöld hafi ekki og hyggist ekki standa við skuldbindingar sínar um hækkun

atvinnuleysisbóta og bóta almamannatrygginga. „Þá er ekki síður alvarlegt að sú endurreisn atvinnulífs og fjölgun starfa sem lofað var hefur engan veginn gengið eftir. Þar hefur úrræða- og aðgerðarleysi stjórnvalda ráðið miklu.

Í lok ályktunarinnar er samninganefnd ASÍ og aðildarsamtökin hvött til að eiga samstarf og samvinnu við endurskoðun kjarasamninganna í janúar 2013 því þá muni reyna á samstöðu launafólks um að ná markmiðum kjarasamninga um stöðugleika, fjölgun starfa, vaxandi kaupmátt, jöfnun kjara og að útrýma kynbundnum launamun.

Lífeyrismál og almamannatryggingakerfið

Í ályktun um lífeyrismál og almamannatryggingakerfið er lögð rík áhersla á að lokið verði við vinnu við samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum með aðkomu aðila vinnumarkaðaðarins og stjórnvalda. Til þess að svo megi verða þurfi samtök opinberra starfsmanna og stjórnvöld að ná samkomulagi um varanlega lausn á því hvernig halli opinbera lífeyriskerfisins verður fjármagnaður og kerfið gert sjálfbært til framtíðar. Gangi þetta ekki eftir séu ákvæði kjarasamninga um hækkun iðgjalds til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði til jafns við opinbera starfsmenn í uppnámi og þar með forsendur kjarasamninganna.

Þá telur þingið brýnt að vinnu við heildarendurskoðun á almamannatryggingakerfinu verði haldið áfram með það að leiðarljósi að einfalda og skýra kerfið verulega og horfa heildstætt á samspil þess og lífeyrissjóðanna. Grundvallaratriði sé að standa vörð um viðunandi lágmarksbætur

almamannatrygginga en jafnframt að dregið verði verulega úr tekjutengingum í almamannatryggingakerfinu þannig að launafólk hafi sýnilegan hag af því að greiða í lífeyrissjóð á starfsævinni.

Evrópumálin

Í ályktun þingsins um Evrópumál er lögð áhersla á að ljúka viðræðum Íslands og ESB svo fljótt sem kostur er með það að markmiði að ná eins hagstæðum samningum og unnt sé. Það verði síðan íslenska þjóðin sem taki afstöðu til

Stjórnvöld og atvinnurekendur geri það sem í þeirra valdi stendur til að ná niður verðbólgunni og að ríkisstjórnin standi við fyrirheit sín í atvinnu- og félagsmálum. Staðan er grafalvarleg því brestir forsendur verða kjarasamningar í uppnámi og þá getur komið til átaka á vinnumarkaði í byrjun næsta árs.

samningsniðurstöðunnar og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þá segir í ályktuninni að ASÍ hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og íslensks launafólks sé best borgið með aðild að ESB, en hafi skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar.

Samráði hafnað



**Rætt við Gylfa Ingvarsson
aðal trúnaðarmann í
Straumsvík um uppsagnir
starfsmanna**

Ákvæðið var að leggja niður 27 stöðugildi í álverinu í Straumsvík 26. september sl. Þar af var 13 manns sagt upp störfum en 14 manns voru að hætta vegna aldurs eða af öðrum orsökum. Af þeim 13 sem sagt var upp voru 7 félagsmenn í Hlíf.

Hjálmur ræddi við Gylfa Ingvarsson aðaltrúnaðarmann í Straumsvík um uppsagnirnar, en mikið hefur mætt á honum vegna þeirra.

„Við vorum boðaðir á fund hjá forstjóra með mjög skömmum fyrirvara þar sem okkur var tjáð að það þyrfti að grípa til aðgerða bæði vegna fjárhagsstöðu fyrirtækisins hér og samsteypunnar í víðara samhengi. Á fundinum kom fram að mikil lækking hefði orðið á heimsmarkaðsverði á áli, það væri komið niður í rúma 1900 dollara en það var hæst í 3000 dollurum. Þá kom fram að búið væri að fresta straumhækkunarverkefninu í ár, en það eykur straum í kerjunum og þar með framleiðsluna.

Við sögðumst vilja hafa hönd í bagga með því hvernig staðið væri að uppsögnunum og óskuðum eftir að haft væri samráð við okkur. Því var hafnað og var okkur sagt að búið væri að ákveða uppsagnirnar og að fundurinn með okkur hefði þann eina tilgang að tilkynna okkur það. Við spurðum þá hvort þetta fólk gæti komið aftur til starfa þegar betur áraði en því var svarað neitandi. Við spurðum einnig hvort það væri vilji til að lengja uppsagnarfrestinn vegna aðstæðna en þá fengum við þau svör að farið yrði eftir ákvæðum um uppsagnarfrest í kjarasamningi.

Tapa áunnum réttindum

Gylfi sagði að það hefði verið mjög misjafnt eftir deildum hvernig staðið var að uppsögnunum. „Einn þeirra sem sagt var upp var með 35 ára starfsaldur og hafði hann staðið sig mjög vel í starfsmannaviðtali sem hann hafði farið nýlega í. Það kom því verulega á óvart hvernig að þessu var staðið. Það var ekki tekið tillit til starfsaldurs og heimilisaðstæðna eins og áður hafði verið gert við sambærilegar aðstæður.

Þá var ekki horft til tveggja ákvæða sem starfsmenn í álverinu eru með í kjarasamningum sínum varðandi starfslok.

„Þetta eru fyrirmyndarákvæði sem við erum mjög stolt af að hafa náð í kjarasamningum og eru til sóma bæði fyrir verkalýðsfélögin og fyrirtækið. Annað þeirra gengur út á það að við 60 ára aldur geta menn minnkað við sig vinnuskylduna í allt að þrjú mánuði á ári. Við það lækka þeir hlutfallslega í launum en áfram er greitt í lífeyrissjóð eins og þeir séu í 100% starfi og þeir halda fullum orlofs- og desemberuppátum, en þær eru hvor fyrir sig upp á 160 þúsund krónur núna. Hitt

ákvæðið snýr að því að flýta starfslokum. Starfsmenn á aldrinum 65 – 67 ára geta valið sér það að hætta störfum og halda þá ákvæðinni mánaðarlegri greiðslu (sem er eins til allara er vinna samkvæmt kjarasamningum verkalýðsfélagannaog ISAL) í þrjú ár sem tekur mið af meðallaunum í fyrirtækinu og áfram er greitt í lífeyrissjóð eins og viðkomandi sé í fullu starfi, auk þess sem þeir fá 35% af orlofs- og desemberuppátum. Þeir sem missa nú vinnuna tapa þessum réttindum og er það veruleg skerðing á kjörum þeirra.

Geðþóttaákvæðanir ráði ekki för


Gylfi sagði að trúnaðarmannaráðið sem skipað er formönnum þeirra stéttarféлага sem semja við Ísal ásamt félagslega kjörnum trúnaðarmönnum hélt fund daginn eftir og fjallaði um uppsagnirnar. Sá fundur samþykkti ályktun sem var send forstjóra álversins þar sem því var mótmælt hvernig staðið hafði verið að þessu. Þeirri ályktun var svarað á þann hátt að fyrirtækið legði sig fram við að vanda sig við svona aðstæður og að horft yrði til þess sem fram kom í ályktuninni í framtíðinni.

Þá hefur verið óskað eftir fundi um uppsagnirnar en sá fundur var haldinn stuttu eftir þetta viðtal. „Það er okkar mat að það hafi verið mjög illa að þessum uppsögnum staðið og ljóst að í komandi kjarasamningum verður þess krafist að sett verði í kjarasamningana ákvæði um hvernig að uppsögnum sé staðið varðandi áunnin réttindi. Krafan er að ef nauðsyn kalli á svona uppsagnir þá sé það gert á faglegan hátt og að geðþóttaákvæðanir ráði ekki för, sagði Gylfi að lokum.

Ályktun vegna uppsagna í Straumsvík

Stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar og trúnaðarmenn starfsmanna sem starfa hjá ISAL /Rio Tinto Alcan í Straumsvík samþykktu eftirfarandi ályktun á fundi þriðjudaginn 2. október 2012.

Verkalýðsfélagið Hlíf og trúnaðarmenn starfsmanna harma þær uppsagnir sem fyrirtækið hefur gripið til. Þar af eru sjö fastráðnir félagsmenn Hlífar sem sagt var upp þann 26. september 2012. Allir þeir starfsmenn sem hér um ræðir eiga sér langan og farsælan starfsferil hjá fyrirtækinu. Sá sem hefur starfað lengst á að baki 35 ára starfsferil. Stjórnendur hafa notað vinnuframlag þeirra til að taka á málum er snúa að heilbrigðis- og öryggisþáttum innan fyrirtækisins. Sérstaklega er gagnrýnt að ekki hafi verið



uppsögnum sem hér eru átaldir er til þess fallið að valda miklum ugg hjá öðrum starfsmönnum varðandi atvinnuöryggi og spurningar um hvort málefnalegar og hlutlægar forsendur séu látnar ráða við mat á því hverjum skuli sagt upp

störfum hverju sinni eða hvort skoðanir manna eða ummæli séu þar ráðandi þættir.

Engar persónulegar ástæður hafa verið gefnar fyrir uppsögnum þessum þó eftir því hafi verið leitað.



leitað til fulltrúa stéttarféлага starfsmanna eða trúnaðarmanna þeirra um það hvernig skuli taka á þeim vanda sem nú er uppi er varðar fjárhagslega stöðu fyrirtækisins og þannig freistað að hafa hag starfsmanna í huga við þessar aðstæður. Ekki var leitað eftir því hvort þeir starfsmenn sem eru að komast á aldur á næstu misserum hefðu áhuga á starfslokum fyrr en ella eða rætt um flutninga í önnur störf. Krafa er að stjórnendur láti af þeirri ómannúðlegu stefnu að segja upp starfsmönnum án ástæðu, án undangenginna aðvarana og án þess að þess sé freistað að hafa samráð um það við fulltrúa starfsmanna hvernig megi standa að slíkum uppsögnum þannig að þær valdi sem minnstum sársauka hjá starfsmönnum. Því er nú spurt hver sé stefna fyrirtækisins hvað varðar mannauð, fjölskyldu og jafnréttismál. En fyrirtækið státar sig af því út á við að vera til fyrirmyndar í þessum efnum. Hvernig staðið hefur verið að þeim

Mæðrastyrksnefnd styrkt



Kolbeinn Gunnarsson formaður Hlífar afhenti Hrafnhildi Þórarinsdóttur formanni Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar 300 þúsund króna styrk frá Hlíf til nefndarinnar 21. nóvember sl. Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar hefur í fjölmörg ár aðstoðað bágstaddar fjölskyldur í bænum fyrir jólin. Undanfarin ár hefur aðstoðin verið í formi matarkorta í Fjarðarkaupum og Bónus.

Í nefndinni starfa sex konur, ein úr hverju kvenfélagi bæjarins, og er Bandalag kvenna samnefndari fyrir félögin. Störfin eru unnin í sjálfböðavinnu. Að sögn Hrafnhildar hefur velvilji fyrirtækja og félagasamtaka í bænum verið frábær og undanfarin ár hefur nefndinni tekist að aðstoða alla sem sótt hafa um aðstoð.



ENJO á Íslandi ehf
Reykjavíkurvegi 64—sími 555 1515
www.enjo.is



FJALLA KOFINN

Í pakkann



Smartwool skiða- göngu- hlaupa-
barna- snjóbreitta- og jólasokkar
í miklu úrvali
verð frá 2.495,-



Smith skiðagleraugu í miklu úrvali
verð frá 8.995,-



Hanskar og lúffur í miklu úrvali
verð frá 3.995,-



Silva Pocket 8 sjónauki 8x21 7.995,-



Húfur í miklu úrvali
verð frá 4.995,-



Black Diamond, Petzl og Silva höfuðljós
í miklu úrvali verð frá 5.495,-



Gibbon Classic "slackline" 13.995,-



Light My Fire nestisbox 2.495,-



Gabel Mont Blanc göngustafir 8.995,-



Jetboil Zip álprímus 18.995,-



Laken hitabrúsi 0,5l 3.795,-
Laken hitabrúsi 0,8l 4.195,-
Laken hitabrúsi 1,0l 4.495,-



Laken hitakanna 0,5 L 3.495,-



Silva Ranger S áttaviti 5.995,-



LifeSystem Trek sjúkrataska 4.695,-

Gjafabréfin okkar
eru tilvalin jólagjöf



Við vinnum náið með leiðsögumönnum
m.a.



ARCTIC ICELAND



afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64

S: 510 9505 | fjallakofinn.is



Lífeyris- sjóðirnir eftir hrun



Rætt við Árna
Guðmundsson
framkvæmdastjóra
Gildis-lífeyrissjóðs



Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 40.000 greiðandi sjóðfélaga og 180.000 einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Sjóðurinn varð til samarið 2005 við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Markmið sameiningarinnar var að tryggja sjóðfélögum þau bestu lífeyrisréttindi sem kostur er á með betri áhættudreifingu sjóðfélaga á atvinnugreinar, öflugri áhættustýringu og ávöxtun iðgjalda svo og hagkvæmari rekstri. Verkalýðsfélagið Hlíf er aðili að sjóðnum. Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis segir að sjóðurinn hafi eins og aðrir fjárfestar tapað miklum fjármunum í hruninu, en þrátt fyrir tapið stóð hann af sér hrúnið betur en margur annar vegna dreifingar eignasafns sjóðsins. Þá vill það oft gleymast að í góðærinu á árunum fyrir hrun var ávöxtunin mjög góð og voru réttindi sjóðfélaga hækkuð tvisvar á tímabilinu. Lækkun réttinda eftir hrun var sambærileg og hækkinin fyrir hrun og má því segja að með lækkuninni hafi hækkinin verið tekin til baka. Sjóðurinn hefur því staðið við að greiða verðtryggðan lífeyri eins og honum ber að gera.

Verðtryggingin

Mikið hefur verið rætt um afnám verðtryggingar en lífeyrissjóðirnir verið mjög andvígir því. Hvað veldur? „Það er rétt umræðan um kosti og galla verðtryggingar hefur verið mikil. Lífeyrissjóðunum ber að greiða verðtryggðan lífeyri og skuldbindingar sjóðsins eru því verðtryggðar og sömu sögu er að segja um stóran hluta eignasafnsins. Ef verðtrygging eignasafnsins verður afnumin sem mér finnst ekki líklegt þá er ljóst að ekki er hægt að verðtryggja skuldbindingarnar, þ.e. lífeyrisgreiðslurnar.

En er ekki óeðlilegt að lán einstaklinga hækki þegar verðlag á matvöru eða bensíni hækkar? „Það má eflaust færa rök fyrir því að vísitölugrunnurinn sé ekki réttur og kæmi til

greina að reikna hann öðru vísi út. Lífeyrissjóðirnir ráða hins vegar ekki við það. Slíkar ákvarðanir eru teknar af stjórnvöldum.

Gagnrýni Björns Vals

Alþingismaðurinn Björn Valur Gíslason var með harða gagnrýni á lífeyrissjóðina á vefsíðunni Smugunni í nóvember. Þar segir hann m.a. að sjóðirnir berjist af hörku gegn hverskyns hugmyndum stjórnvalda um að sjóðirnir hjálpi til við að byggja landið upp eftir hrun auk þess sem þeir neiti að beita sjóðunum til að létta vanda skuldugra sjóðfélaga.

„Gagnrýni Björns Vals byggir á miklum misskilningi varðandi hlutverk og heimildir lífeyrissjóðanna. Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða er hlutverk þeirra skilgreint og hlutverk þeirra er skýrt. Þeim ber að taka við iðgjöldum, ávaxta þau og greiða út lífeyri. Önnur starfsemi eða önnur framlög eru bönnuð samkvæmt lögum.

Fullyrðingar um að lífeyrissjóðirnir vilji ekki taka þátt í uppbyggingunni með því að lána til framkvæmda eða koma til móts við sjóðfélaga með niðurfellingu lána standast ekki nánari skoðun. Það snýst ekki um hvað lífeyrissjóðirnir vilji gera heldur fyrst og fremst um það hvaða heimildir þeir hafa. Að mínu mati hafa lífeyrissjóðirnir komið til móts við sjóðfélaga og lagt sig fram um að leysa vanda þeirra innan þess ramma sem lög og reglur setja sjóðunum.

Samræming lífeyrisréttinda

Samkomulag hefur verið gert á milli ASÍ, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda um að vinna að samræmingu lífeyrisréttinda á almenna og opinbera vinnumarkaðinum. Veistu hvernig sú vinna gengur?

„Ég get ekki séð að stjórnvöld séu að vinna að samræmingu réttinda. Eina sem hefur gerst er að skattur hefur verið lagður á sjóðina sem eykur muninn. Skatturinn bitnar á sjóðfélögum

í almenna lífeyrissjóðakerfinu og rýrir réttindi þeirra. Lífeyrisréttindi félagsmanna í opinbera kerfinu eru hins vegar tryggð af ríkinu þannig að þessi skattur bitnar ekki á þeim. ASÍ hefur mótmælt þessu og lýst því yfir að sambandið muni fara í mál við ríkið út af þessari skattheimtu.

Uppbygging hlutabréfamarkaðarins

Hverju breytti hrúnið í starfsemi lífeyrissjóðanna? „Eftir hrun höfum við lagt áherslu á að bæta og efla eigna- og áhættustýringu sérstaklega. Fjármálamarkaðurinn er mjög breyttur frá því sem áður var. Það hefur kallað á meiri vinnu starfsmanna við að meta fjárfestingakosti. Þá koma gjaldeyrishöftin í veg fyrir að við getum dreift eignum og áhættu eins og við hefðum viljað. Því miður er ekkert útlit fyrir að gjaldeyrishöftin hverfi á næstunni. Þrátt fyrir það eru ýmsir kostir í stöðunni og það þarf að leggja mikla vinnu í að meta þá. Lífeyrissjóðirnir vilja hafa áhrif á það hvernig skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðurinn byggist upp aftur. Hann er hægt og bitandi að verða til á ný og við viljum hafa áhrif á þróunina.

Viðbrögð lífeyrissjóðanna við hlutabréfaútböð Eimskipafélagsins vöktu athygli. Þeir neituðu að taka þátt í því vegna sérkjara sem stjórnendum félagsins voru boðin. Er það til marks um breytt hugarfar innan stjórna lífeyrissjóðanna eftir hrun?

„Að ákveðnu marki er það til marks um breytt hugarfar en einnig það að lífeyrissjóðirnir eru að koma með miklu virkari hætti inn í fyrirtækin og eiga stærri hlut í þeim en áður. Stærri eignarhlutur sjóðanna veldur því að við erum farnir að skipta okkur meira að því hvernig fyrirtækjunum er stýrt, en einnig er krafan um að þetta fari ekki í sama far og fyrir hrun mjög sterk. Lífeyrissjóðirnir hafa skoðun og áhrif á hvernig þróunin verður innan fyrirtækjanna, sagði Árni að lokum.

Atvinnu- miðstöðin hefur sannað sig



Soffía Ólafsdóttir, formaður verkefnisstjórnar

Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar hefur verið starfrækt síðan í maí 2010. Miðstöðin er samvinnuverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Vinnumálastofnunar með aðild Fulltrúaráðs verkalyðsfélaganna í Hafnarfirði.

Formaður verkefnisstjórnarinnar er Soffía Ólafsdóttir, yfirmaður á fjölskyldusviði en aðrir í stjórninni eru Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar, Kolbeinn Gunnarsson formaður Verkalyðsfélagsins Hlíf og Geir Bjarnason forvarnarfulltrúi. Hér er um að ræða tímabundna starfsemi og er samið um hana til eins árs í senn.

Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar var fyrsta atvinnumiðlun sinnar tegundar en síðan hafa verið stofnaðar slíkar atvinnumiðstöðvar víðar. Markmiðið var að efla þjónustu við unga atvinnuleitendur, sem og fólk sem hefur verið án atvinnu um langt skeið og aðstoða það við að verða á ný virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Sérstaklega er stefnt að því að efla vinnumiðlun og faglega starfs- og námsráðgjöf, auka virkni atvinnuleitenda og byggja upp fjölbreytt framboð vinnumarkaðsúræða á svæðinu, t.d. með auknum ráðningum atvinnuleitenda í starfsþjálfun, reynsluráðningum,

vinnustaðanámi og átaksverkefnum.

Verkefnisstjórar Atvinnumiðstöðvarinnar hafa verið frá upphafi þau Guðjón Árnason og Laufey Brá Jónsdóttir. Að sögn þeirra hefur starfsemin gengið mjög vel og eflst með hverju árinu.

Hafnfirðingar fagna þjónustunni

Hafnfirðingar hafa tekið því mjög fegins hendi að hafa þessa þjónustu í heimabyggð og eru duglegir að sækja hingað þá þjónustu sem í boði er, hvort sem um er að ræða úrlausn vandamála, ýmsa aðstoð varðandi skráningu,



Grazia 3-1-1 leður



Hæginda sófar og stólar


Sófasett, hvíldarstólar, svefnsófar ofl.öf.



Teg. Club.



Teg. Subra



Rafm. lyfturstólar



Celtic svefnsófi

Opið laugardaga
11 - 16

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN
Reykjavíkurvegi 66 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 4100 - www.nyform.is

umsóknir o.fl. auk upplýsinga um ný störf í boði og úrræði ýmis konar, eða einfaldlega til að spjalla um stöðu sína, hvað er í gangi hverju sinni og hvert skal stefnt.

Þau segja að um 250 til 300 manns heimsæki Atvinnumiðstöðina mánaðarlega og varða heimsóknirnar bæði smærri mál og stærri sem þurfa sértækra úrlausna. Samtals hafa um 8.200 heimsóknir verið á Atvinnumiðstöðina frá opnun til nóvember í ár. Þá hafa hafnirsk fyrirtæki tekið þessari starfsemi fagnandi og leitar um helmingur þeirra beint til Atvinnumiðstöðvarinnar þegar þau eru að leita að fólki til vinnu.

Kynningarfundir

Strax frá upphafi var tekin sú ákvörðun að halda kynningarfundir fyrir nýskráða atvinnuleitendur hér í Hafnarfirði í stað þess að senda fólk til Reykjavíkur. Hefur það mælst afar vel fyrir og fólk afar ánægt að geta sótt þessa fundi hingað en ekki til Reykjavíkur. Á þessum fundum eru margir að fá í fyrsta sinn upplýsingar um tilvist og starfsemi Atvinnumiðstöðvarinnar og sækja í framhaldinu til okkar um þjónustu, sem það hefði kannski ekki gert annars.

Fundirnir eru tvenns konar, annars vegar fyrir yngri atvinnuleitendur (15-29 ára) og hins vegar fyrir þá eldri (30 ára og eldri). Fundirnir eru í grunninn svipaðir en með mismunandi áherslu þó þar sem meiri áhersla er lögð á að koma yngri hópnum sem fyrst í virkniúrræði enda staðreynd að sá hópur er í mun meiri áhættu hvað varðar slæm áhrif atvinnuleysis.

Áhersla lögð á unga fólk

„Hlutfallið milli ungs fólks og eldra hefur verið svipað frá byrjun. Meiri áhersla hefur verið á sértæk úrræði fyrir unga fólk og hefur það gefist vel. Því miður hefur minna verið gert fyrir eldra fólk og hefur því fyrst og fremst verið boðið upp á námskeið. Ástæðan fyrir því að meiri áhersla er lögð á unga fólk er að meiri hætta er á að það festist í atvinnuleysisinu, sagði Guðjón.

Ungir atvinnuleitendur hafa verið boðaðir á vinnufundi. Um einstaklingsmiðaða aðferð var að ræða þar sem áhersla var lögð á þá sem verið höfðu atvinnuleitendur frá árinu 2008.

Verklagið var á þá leið að fyrsta viðtal var kynningarviðtal þar sem farið var yfir málin. Atvinnuleitandi var hvattur til að finna sex fyrirtæki sem hann gat hugsað sér að vinna hjá. Farið var yfir ferilskrá og gerð hennar. Í kjölfarið sendi atvinnuleitandi ferilskrá sína til AMH til yfirlestrar og í kjölfarið farið af stað í atvinnuleit. Þegar hann hafði farið á þessa sex staði kom

hann aftur og þá var ferlið endurskoðað. Farið var yfir hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara. Þetta fyrirkomulag hefur virkað mjög vel.

Súrefni

Laufey Brá hefur séð um virkninámsskeið sem nefnist „Súrefni og er á vegum Íþrótt- og tómstundaráðs Hafnarfjarðar í samstarfi við Vinnumálastofnun, Félagsþjónustu Hafnarfjarðar og Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar. Námskeiðin eru haldin í gamla Bókasafninu við Mjósund.

„Þetta námskeið hefur skilað góðum árangri og er gaman að segja frá því að langflestir þeirra sem sóttu námskeiðið hafa annað hvort fengið vinnu, hafið nám, eru í átaksverkefnum eða í frekari úrræðum. Það er því ljóst að námskeiðið skilaði afar góðum árangri og hafa flestir þessara einstaklinga haldið góðu sambandi við okkur í framhaldinu og leyft okkur að fylgjast áfram með hvernig þeim gengur að fóta sig í nýjum aðstæðum.

Fleiri námskeið hafa verið skipulögð og haldin af atvinnumiðluninni, annars vegar í samvinnu við Vinnumálastofnun og hins vegar í samvinnu við Námsflokka Hafnarfjarðar.

Starfsemin hefur skilað árangri

Í launakönnun sem Flóabandalagið fékk Capasent Gallup til að gera fyrir sig og greint er frá nánar annars staðar í blaðinu kemur fram að atvinnuleysi hjá félagsmönnum í Hlífar er mun minna en hjá Eflingu og Verkamanna- og sjómannafélagi Keflavíkur. Munurinn er sláandi. Hjá félagsmönnum Hlífar er atvinnuleysið 6,7% en 16,1% hjá Eflingu og 20,8% hjá VSFK.

„Þessi könnun kemur ánægjulega á óvart og styrkir okkur í þeirri trú að þetta starf okkar sé að virka. Þetta sýnir að starfsemin hefur skilað verulegum árangri. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta hægt sé að þakka starfsemi atvinnumiðstöðvarinnar að einhverju leyti þennan árangur, sagði Guðjón að lokum.



Desember- uppbót 2012

Krónutala desemberuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum. Einnig getur réttinda ávinnsla desemberuppbótar verið mismunandi eftir kjarasamningum hjá þeim sem starfað hafa styttra en eitt ár hjá sama atvinnurekenda. Er fólk sem er með styttri starfsaldur en eitt ár ráðlagt að skoða sinn kjarasamning eða hafa samband við skrifstofu félagsins til að fá upplýsingar.

Allar upphæðir desemberuppbótarinnar miðast við 100% starfshlutfall.

Desemberuppbótin fyrir starfsfólk á almennum vinnumarkaði (Flói við SA) er kr. 50.500,-

Fyrir starfsmenn sveitarfélaga þ.e.a.s. Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes ásamt Samtökum sjálfstæðra skóla (SSSK) kr. 78.200,- .

Fyrir starfsmenn ríkisins, hjúkrunarheimila og sjálfseignastofnana. Svo sem starfsmenn hjá Sólvangi, St.Jósefsspítala, Hrafnistu í Hafnarfirði, Vegagerðinni o.fl. kr. 50.500,- .

ATH! Þeir starfsmenn ríkisins og Hrafnistu Hafnarfirði sem voru við störf 1. mars 2004 og hafa haft samfellda ráðningu frá þeim tíma, og höfðu hærri desemberuppbót en að ofan greinir eiga rétt á kr. 52.100,- halda þeirri upphæð á meðan hún er hærri en segir í kjarasamningum aðila.

Fyrir starfsmenn Rio Tinto Alcan kr. 164.693,-.

Bestu kveðjur til félagsmanna

Hlífar



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG
KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Allt að 98% verðmunur á ýsu

Lægsta verðið var oftast að finna
hjá Litlu Fiskbúðinni Miðvangi

Verðlagseftirlit ASÍ gerði verðsamanburð á ferskum fiskafurðum í 21 fiskbúð og verslunum sem eru með fiskborð, víðsvegar um landið í lok nóvember. Kannað var verð á 24 algengum fiskafurðum, sem oft eru á borðum landsmanna. Algengast var að verðmunurinn á hæsta og lægsta verði væri á milli 40-60%. Melabúðin, Fiskbúðin Höfðabakka og Samkaup-Úrval neituðu þátttöku í könnuninni.

Lægsta verðið var oftast að finna hjá Litlu Fiskbúðinni Miðvangi í Hafnarfirði eða í 14 tilvikum af 24, Fiskbúð Siglufjarðar var næst

oftast með lægsta verðið eða í 4 tilvikum af 24. Mikil dreifing var á hæsta verðinu á milli verslana, en hæsta verðið var oftast hjá Hafinu fiskverslun í 7 tilvikum af 24, Fiskbúðin Vegamót og Hafberg Gnoðavogi voru með hæsta verðið í 6 tilvikum af 24 og Fiskikóngurinn Sogavegi í 5 tilvikum af 24. Allar 24 tegundirnar sem skoðaðar voru í könnuninni voru til hjá Fiskbúðinni Sjávarhöllinni Háaleitisbraut og Fiskbúðinni Trönuhrauni. Fæstar tegundirnar sem skoðaðar voru, voru til hjá Fylgífiskum Suðurlandbraut eða aðeins 4 af 24.

Mikill verðmunur

Munur á hæsta og lægsta verði í könnuninni var frá 19% upp í 98%. Mestur verðmunur var á heilli hausaðari ýsu sem var dýrust á 990 kr./kg. hjá Fiskikónginum Sogavegi, Fiskbúð Suðurlands Selfossi og Fiskbúðinni Mos Mosfellsbæ en ódýrust á 500 kr./kg. hjá Fiskbúð Siglufjarðar en það gerir 490 kr. verðmun eða 98%.

Minnstur verðmunur var roðflettri og beinlausri ýsu sem var ódýrust á 1.590 kr./kg. hjá Fiskbúð Sjávarfangs Ísafirði en dýrust á 1.890 kr./kg. hjá Fiskbúðinni Sundlaugarvegi, Fiskbúðinni

Hafberg Gnoðavogi, Fiskikónginum Sogavegi, Fiskbúðinni Hafrónu, Hafinu fiskverslun Hlíðasmára og Fiskbúðinni Vegamótum Nesvegi, en það gera 300 kr. verðmun eða 19%. Sem dæmi um mikinn verðmun má nefna að lax í sneiðum var ódýrastur á 1.275 kr./kg. hjá Fiskbúðinni Trönuhrauni en dýrastur á 1.898 kr./kg. hjá Hagkaupum það gera 623 kr. verðmun eða 49%.

Könnunin var gerð í eftirtöldum verslunum: Fylgífiskum Suðurlandsbraut, Fiskbúðinni Sundlaugarvegi, Fiskbúðinni Hafberg Gnoðavogi, Fiskikónginum Sogavegi, Fiskbúðinni Hafrónu Skipholti, Fiskbúðinni Sjávarhöllinni, Fiskbúðinni Freyjugötu, Fjarðarkaupum Hafnarfirði, Fiskbúðinni Trönuhrauni, Litlu Fiskbúðinni Miðvangi, Fiskbúð Suðurlands Selfossi, Hafinu fiskverslun Hlíðasmára, Nóatúni Hringbraut, Fiskbúð Hólmgeirs Þönglabakka, Gallerý fiski Nethyl, Fiskbúðinni Hófgerði, Fiskbúðinni Sjávarfangi Ísafirði, Fiskbúðinni Mos Mosfellsbæ, Fiskbúð Siglufjarðar, Fiskbúðinni Vegamótum og Hagkaupum Kringlunni.

Melabúðin, Fiskbúðin Höfðabakka og Samkaup Úrval neituðu þátttöku í könnuninni.

HÓPÍLAR

www.hopbilar.is

Uppskrift

fyrir fjóra frá Alfreð Maríusson
matreiðslumeistara

Jólamatur 2012

Foréttur

Risahörpuskel og risarækjur

4 stk. risahörpuskel
8 stk. risarækjur
1 búnt rúkúlasalat
1 stk. rauðlaukur
1 stk. paprika rauð
2 msk. balsamik
200 ml. ólífulóía

Aðferð

Skerið salatið gróft og annað grænmeti mjög fínt. Hrærið saman olíu og balsamik. Setjið olíu á pönnu og hitið vel og brúnið hörpuskelina og ræjurnar en passið að steikja ekki of lengi svo fiskurinn verði ekki seigur. Setjið salat og grænmetið í fallega litla hrúgu á disk og svo hörpuskel og rækjur til hliðar við salatið og drissið balsamikolíu yfir. Gotta að bera fram ristað brauð með.

Aðalréttur

Hamborgarahryggur

1 stk. hamborgarahryggur
með eða án beins
4 l. vatn
2 dl. rauðvín
1 stk. lárviðarlauf
4 stk. negulnaglar
1 stk. ferskur ananas

Sinnepsgljái

5 msk. sætt sinnep
2 msk. dijon sinnep
5 msk. púðursykur

Aðferð

Settu vatn, rauðvín, lárviðarlauf og negulnagla í stóran pott. Kveikið undir og setjið hamborgarahrygginn út í vatnið. Látið vatnið flóta yfir hrygginn.

Látið suðuna koma uppog lækkið þá hitan, látið sjóða í 30 mínútur.

Slökkvið undir og látið hrygginn standa í soðinu í u.þ.b.

20 mínútur. Geimið hluta af soðinu í sósu. Setjið hrygginn því næst á fat til að setja í ofninn.

Skerið ananasinn í sneiðar.


Blandið sinnepinu og púðursykrinum saman.

Raðið ananassneiðunum á hamborgarahrygginn og smyrjið gljáanum yfir.

Setjið hrygginn inn í miðjan ofninn á yfirhita í 200°C í u.þ.b.

20 mínútur. Gott er að stilla ofninn á grill við 250°C síðustu mínúturnar

Lagið sósu úr soðinu og berið fram með sykurbúnuðum kartöflum og blöndu af uppáhalds grænmetinu ykkar.

					SMÁ- PENINGAR RAUL			HÆTTA	GÖSLA ÓSVIKINN	ÆÐRI VERA TEKNÍK		TRÖLL		
				ÁTT										
				ÆST				RÚM- ÁBREIÐA						
				BETL				ÖGN						
										VERKUR ÆDASLAG				ÁRKVÍSLIR
				ÞRÍFA KOMUMST YFIR					KOMIST STRIT					
SLAPPUR	↓	VÖNDULL SÍLI		DRYKKUR ÁTT		NÚNA HRUKKA		SKIL MÆLI- EINING				OTA		
						SVALI MORÐS				BARDAGI SÁR				
LÆRIR LÍFRÆN SYRA				SÁL			SÆTI					VEIÐISKIP		
				ÖRVERPI SAFNA SAMAN					BRÁK	SVÍF KVAÐ				
TIL SKOKK			LÍTILL DRYKKUR				MÆLI- EINING MERKJAMÁL							
					FÁLMA ÁTT				NÝJA UMFRAM					
	↓	TÓNLIST ÓBUNDIÐ MÁL				GEISLA- HJÚPUR BEISKUR				SAMTÖK TAUG		TÍMABILS		
SNÆLDA MANNA						RAUP TORNÆMUR NEMANDI					SLÁ GORTA			
					VÖLLUR HLJÓTA			MÆTTIR ÁHLAUP						
DÁ				MÓTA KORN					SKST. NÓTA			DUFLA		
VÖRU- MERKI STAUUR			BLÁSTUR FUGLA- HLJÓÐ			TÓNBIL Á FLÍK						HLAND		
					HLJÓÐFÆRI STYKKI					MISSIR ARR				
HNJÓÐ		FRJÓANGI ÍPRÓTTA- FÉLAG					SVARADI HVORT							
						GETI					Í RÖÐ			
RÖLT				NÖLDRA					JURT					

Nafn: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Lausnarorð: _____